

Ed.

495. Frumvarp til laga

[238. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli.

Flm.: Stefán Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Helgi Seljan,
Eiður Guðnason, Jón Helgason.

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknað í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Við 2. málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Vari refsivist lengur en þrjá mánuði skal óheimilt að innheimta opinber gjöld hjá fanga meðan afplánun stendur yfir, svo og tvöfaldan þann tíma eftir að henni lýkur, allt að einu ári. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Nánari reglur um þetta má setja með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Komið hefur í ljós að skuldakröfur, sem hlaðast á fanga meðan þeir afplána refsingu, hvort heldur barnsmeðlög eða opinber gjöld, og til innheimtu koma annað tveggja meðan á afplánun stendur ellegar strax að henni lokinni, verða þeim gjarnan um megn er þeir reyna að ná fótfestu á ný í samfélaginu og rétta við fjárhag sinn. Leiðir það stundum til þess, að laun þeirra renna öll til skuldagreiðslu, en lífeyrir verður enginn. Hér er síður en svo um nýtt vandamál að ræða, en það hefur orðið miklu brýnna en áður á síðustu misserum vegna hækkanði dráttarvaxta. Ljóst er að sjóðir hins opinbera munu lítils sem einskis í missa, þótt haldið verði á innheimtu gagnvart þessu fólki með þeim hætti sem fyrir mælir í frumvarpinu. Hitt má ætla, að vægðaraukinn, sem hér er ráðgerður, geti auðveldað þeim, sem það vilja af einlægni, að bæta ráð sitt.

Tekið skal fram að ákvæði 2. gr. varðandi skyldu Innheimtustofnunar sveitarfélaga mælir aðeins fyrir um það, að hún skuli enn sem fyrr standa skil á endurgreiðslu sveitarfélaganna til Tryggingastofnunar ríkisins.